

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt. nr.	20.08.2015
Mál nr.	04.0
Mál nr.	1508236



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamalaraduneyti.is

Alþjóðaskólinn á Íslandi ehf
Hanna Hilmarsdóttir
Sunnufliót 43
210 Garðabær

Reykjavík 15. ágúst 2015
Tilv.: MMR15010521/6.14.2-

Efni: Eftirfylgni með könnun um innleiðingu laga

Í október 2014 fól mennta- og menningarmálaráðuneytið Attentus ehf. að gera könnun meðal skólastjóra grunnskóla um innleiðingu og framkvæmd laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Í könnuninni var meðal annars spurt hvort stofnað hafi verið skólaráð, foreldrafélag og nemendaráð við skólann. Samkvæmt gögnum könnunarinnar hefur ekki verið stofnað nemendafélag við Alþjóðaskólan á Íslandi samanber 10. grein laga um grunnskóla þar sem segir að við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.

Ráðuneytið óskar skýringa á því hvers vegna ekki hefur verið stofnað skólaráð, foreldrafélag eða nemendafélag við skólann.

Einnig var í könnuninni spurt hvort allir nemendur skólans hafi aðgang að náms- og starfsráðgjafa. Samkvæmt gögnum könnunarinnar hafa ekki allir nemendur í Alþjóðaskólanum á Íslandi aðgang að náms- og starfsráðgjafa.


Ráðuneytið bendir á að samkvæmt 3. málsgrein 13. greinar grunnskólalaga eiga nemendur rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa og væntir þess að skólastjórnendur sjái til þess að frá og með skólaárinu 2015-2016 uppfylli skólinn þetta ákvæði laganna.

Þá var í könnuninni spurt hvort skólinn birti á vef sínum upplýsingar um skólanámskrá, starfsáætlun, áætlun um innra mat, niðurstöður innra mats og áætlun um umbætur í kjölfar innra mats. Samkvæmt gögnum könnunarinnar birtir Alþjóðaskólinn á Íslandi ekki allar eða einhverjar af þessum upplýsingum.

Ráðuneytið bendir á skyldur skóla til að birta þessar upplýsingar opinberlega samkvæmt lögum um grunnskóla, aðalnámskrá grunnskóla og reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr. 658/2009 og væntir þess að skólastjórnendur sjá til þess að þessar upplýsingar verði birtar á vef skólans eða með öðrum opinberum hætti.

Þess er vænst að umbeðnar upplýsingar berist ráðuneytinu fyrir 15. september 2015. Þá er einnig minnt á eftirlitsskyldu skólanefnda sveitarfélaga í þessum efnun.

Fyrir hönd ráðherra


Sigríður Lára Ásbergsdóttir


Asta María Reynisdóttir

Ljósrit: Bæjarstjóri og skólanefnd Garðabæjar